

# Siðareglur Verkfræðingafélags Íslands.

## Samþykktar á aðalfundi félagsins 31. mars 2011

### Virðing og jafnrétti

Félagar VFÍ sýna fólki tillitssemi og virðingu, óháð kyni, líf skjörum, þjóðfélagsstöðu, menningu, þjóðerni og kynþætti.

Þetta felur í sér að:

- Koma fram af tillitssemi, sanngirni, vinsemd og virðingu við annað fólk.
- Halda ávallt í heiðri góða siði og grundvallargildi samfélagsins.
- Hafa í heiðri jafnrétti kynja og kynþátta.
- Virða fag- og ábyrgðarsvið annarra og vinnuframlag þeirra.
- Stuðla að góðum starfsanda með einlægni, heiðarleika og umburðarlyndi.

### Fagleg ábyrgð og ráðvendni

Félagar VFÍ gera sér grein fyrir faglegri ábyrgð sinni og vinna í samræmi við viðurkenndar gæðakröfur.

Þetta felur í sér að:

- Viðhalda og endurnýja stöðugt þekkingu sína og færni.
- Deila þekkingu sinni og færni með samstarfsfólki.
- Vinna verk sín af faglegri ábyrgð og eftir bestu samvisku.
- Virða lög og reglur samfélagsins og stéttar sinnar.
- Gæta hagsmuna viðskiptavina sinna.
- Gera grein fyrir þeim tengslum eða hagsmunum, sem gætu gert starf þeirra tortryggilegt.
- Taka ekki við þóknun eða fríðindum frá þriðja aðila í sambandi við verkið eða þjóða fram til þriðja aðila slíka þóknun eða fríðindi.

### Samfélagsleg ábyrgð og sjálfbærni

Félagar VFÍ eru meðvitaðir um áhrif verka sinna á samfélag, umhverfi og náttúru.

Þetta felur í sér að:

- Setja ávallt í öndvegi öryggi, heilsu og velferð almennings.
- Gæta þess, að tæknilegar lausnir séu miðaðar við sjálfbærni og ábyrga nýtingu auðlinda.
- Vera heiðarlegur og hreinskilinn um margþætt áhrif tæknilegra lausna og annarra verkefna, og greina á viðeigandi vettvangi frá atriðum sem gætu ógnað öryggi almennings eða verið skaðleg umhverfinu.
- Taka virkan þátt í upplýstri opinberri umræðu um samfélagsleg málefni þegar hún beinist að fagsviði verkfræðingsins.